



Aðalskipulag Mýrdalshrepps, þéttbýlisuppráttur í gildi - Mkv.:1:10.000 [A4]



Aðalskipulag Mýrdalshrepps, þéttbýlisuppráttur Tillaga að breytingu - Mkv.:1:10.000 [A4]



Aðalskipulag Mýrdalshrepps, þéttbýlisuppráttur, yfirlitsmynd, ekki í kvarða



Þéttbýlisuppráttur, afmörkun breytingasvæðis

**GREINARGERÐ**

Gerð er breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 05.03.2013, greinargerð og þéttbýlisupprætti með síðari breytingum.

**Forsendur**

Ferðabjónusta er ein af helstu atvinnugreinum Mýrdalshrepps og fjöldi erlendra ferðamanna sem sækja Mýrdalshrepp heim hefur aukist mikið á undanförunum árum. Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 er gert ráð fyrir að aukning í atvinnugreinum í sveitarfélaginu verði fyrst og fremst í ferðabjónustu. Það er stefna Mýrdalshrepps að stuðla að ferðabjónustu og styðja við vöxt hennar í sveitarfélaginu (bls. 19 í greinargerð aðalskipulags), til að fylgja þeirri stefnu er talið mikilvægt að fjölga svæðum í aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir gisti- og ferðabjónustu.

Sveitarstjórnin óskar að uppbygging gististaða verði möguleg að ígrunduðu máli þar sem þess er óskað fremur en að stór svæði séu tekin frá fyrir gistingu eða aðra þjónustu við ferðamenn. Fyrir eru í sveitarfélaginu 32 gististaðir með um 1.000 gistirými auk tjaldsvæða. Flestir gististaðanna rúma ekki nema fáa gesti og hafa um 15 gistirými að meðaltali ef frá eru talin hin stærri hótél. Fleiri og fjölbreyttari gistinguleikar eru forsenda þess að stefnumörkun um vöxt í ferðabjónustu geti orðið að veruleika.

**Tillaga að breytingu**

Lóðinni Mýrarbraut 13 á horni Austurvegar og Mýrarbrautar er breytt úr íbúðarsvæði í verslun- og þjónusta svo þar megi reka gistiheimili.

Breytingin gerir ekki ráð fyrir breytingu á byggingamagni eða öðrum breytingum á þeim heimildum sem þegar liggja fyrir í aðalskipulagi. Frekari uppbygging eða breytingar á húsnæði eru háðar breytingu á deiliskipulagi.

**Verslunar- og þjónustusvæði**

Gerð er breyting á kafla 2.4 Verslunar- og þjónustusvæði í greinargerð aðalskipulags.

Við töflu 2.4, bls. 20 bætist eftirfarandi lína:

Verslunar- og þjónustusvæði nýting	Stærð ha	N
V34 Gisti- og ferðabjónusta, Mýrarbraut	0,2	0,2

Gerð er breyting og leiðrétting á samtölu í töflu 2.4, bls. 20. Samtala hektara breytist úr því að vera 45,1 í 46,82 í samræmi við tillögu að breytingu, stærðir í gildandi aðalskipulagi 2012-2028 og síðari breytingar.

**Helstu umhverfisáhrif**

Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 kemur ekki til með að breyta niðurstöðu og umfjöllun umhverfisskýrslu aðalskipulags Mýrdalshrepps.

**Samþykktir**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem hefur fengið meðferð í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123 /2010, var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**SKÝRINGAR:**  
LAND USE:

- Mörk aðalskipulagsbreytingar
- Iðnaðarsvæði  
Industrial area
- Íbúðabyggð  
Residential area
- Svæði fyrir þjónustustofnanir  
Public institutions
- Verslunar- og þjónustusvæði  
Retail and service area
- Opín svæði til sérstakra nota  
Recreational area
- Vötn, ár og sjór  
Lakes and sea
- Göngustígar og gönguleiðir  
Main pathways
- Reiðleiðir  
Bride paths
- Stofnbraut  
Primary road
- Aðrir vegir  
Other roads

- Íbúðarsvæði sbr. kafl. 4.2  
Residential area according to chapter 4.2
- Verslun- og þjónusta sbr. kafl. 2.4  
Retail and service according to chapter 2.4

N

Hnitakerfi: ISN93

<p><b>VSÓ RÁÐGJÖF</b></p> <p>BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, S: 5859000, Fax: 5859010 www.vso.is, vso@vso.is</p>	001
	SKIPULAG: Sbo/GHS
	YFIRFARID:
	KVARDI: 1:10.000 [A4]
	DAGS: 08.06.2015
	BREYTT:..
UNNIÐ FYRIR: <b>MÝRDALSHREPP</b>	